

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um urðun dýrahæja.

1. Á hvaða stöðum eru dýrahæ urðuð hér á landi?

Almennt skal koma dýrahæjum til brennslu hér á landi samkvæmt reglugerð nr. 674/2017, um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 með síðar breytingum. Á undanförunum áratugum hafa dýrahæ verið urðuð á urðunarstöðum í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs en einnig hefur það komið fyrir að dýrahæ hafa verið urðuð utan urðunarstaða, t.d. á lögbýlum, þegar upp hafa komið smit-sjúkdómar eða um er að ræða sjálfdaud dýr. Í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, hefur heimild til urðunar dýrahæja verið felld brott í samræmi við breytingar sem urðu á lög-um um meðhöndlun úrgangs og innleiðingu reglna um aukaafurðir dýra.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er heildstæð skrá um grafir dýrahæja ekki til hjá stofnuninni. Rétt er að geta þess að unnið er að reglugerð um mengaðan jarðveg í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem m.a. er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun skuli halda skrá yfir menguð svæði og svæði þar sem grunur er um mengun. Þar er gert ráð fyrir að komi fram upplýsingar um staðsetningu, stærð, tegund mengunar og ástæðu þess að svæði er mengað eða grunur leikur á um mengun. Gert er ráð fyrir að skráin verði aðgengileg á vef Umhverfisstofnunar og uppfærð eftir þörfum. Þá er einnig mælt fyrir um gerð yfirlits yfir eldri svæði sem eru menguð eða þar sem grunur er um mengun. Yfirlitið skal byggt á fyrir- liggjandi upplýsingum og skal m.a. taka tillit til þess hvort greftrun dýrahæja hefur farið fram á svæðinu. Drög að reglugerðinni hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda og er ráðgert að reglugerðin verði sett í upphafi árs 2021.

Í töflu 1 eru magntölur úrgangs fyrir dýrahæ á þeim urðunarstöðum sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með þar sem urðuð hafa verið dýrahæ á síðastliðnum fimm árum.

Tafla 1. Magntölur úrgangs fyrir dýrahæ á þekktum urðunarstöðum sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með.

	Magn í tonnum					Samtals
	2015	2016	2017	2018	2019	
Borgarfjarðarhreppur	3	2	3	3	3	14
Byggðasamlagið Hula					58	58
Fjarðabyggð				0,67		0,67
Norðurá bs.	824,42	922,65	764,33	877,78	812,19	4.201,37
SORPA bs.	1.290,3	1.262,16	1.433,75	1.041,98	716,83	5.745,02
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.	0,16	0,2	0,3	0,37	0,37	1,4
Sorpurðun Vesturlands hf.				184,76		184,76
Vopnafjarðarhreppur	13,8	2,59	26,63	0,87	13,43	57,32
Samtals	2.131,68	2.189,6	2.228,01	2.109,43	1.603,82	10.262,54

2. Hvaða urðunarstaðir hafa verið í notkun og hvenær var urðað á hverjum stað?

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með urðunarstöðum sem starfræktir hafa verið frá því að lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, tóku gildi í apríl 2003. Í gildi eru starfsleyfi fyrir 21 urðunarstað og fyrirmæli um frágang og vöktun fyrir 18 aflagða urðunarstaði. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir urðunarstaði með starfsleyfi og hvenær starfsleyfin tóku gildi. Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir aflagða urðunarstaði og hvenær lokunarfyrirmæli voru gefin út.

Tafla 2. Yfirlit yfir urðunarstaði með starfsleyfi og gildistöku starfsleyfis.

Urðunarstaðir með starfsleyfi	Heiti urðunarstaðar	Upphafleg útgáfa starfsleyfis
Bolungarvíkurkaupstaður	Hóll (óvirkur úrgangur)	31.8.2000
Borgarbyggð	Bjarnhólar (óvirkur úrgangur)	9.7.2002
Borgarfjarðarhreppur	Brandsbalar	31.8.2000
Byggðasamlagið Hula	Skógasandur	7.1.2000
Dalabyggð	Höskuldsstaðir (óvirkur úrgangur)	9.9.2015
Fjarðabyggð	Þernunes	27.2.2008
Fljótsdalshérað	Tjarnarland	16.11.2001
Langesbyggð	Bakkafjörður	5.9.2002
Mýrdalshreppur	Uxafótalækur (óvirkur úrgangur)	7.1.2000
Norðurá bs.	Stekjarvík	26.11.2010
Norðurþing	Laugardalur við Húsavík (óvirkur úrgangur)	24.11.1997
Norðurþing	Kópasker	9.9.2002
Skaftárhreppur	Stjórnarsandur	7.1.2000
SORPA bs.	Álfsnes	11.6.2001
Sorpsamslag Strandasýslu	Skeljavík	15.5.2006
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	Strönd	13.12.2007
Sorpstöð Suðurlands	Kirkjuferjuháleiga ¹	22.9.1998
Sorpurðun Vesturlands hf.	Fíflholt	17.8.1998
Stykkishólmsbær	Ögur (óvirkur úrgangur)	9.11.2006
Sveitarfélagið Hornafjörður	í Lóni	9.12.2002
Vopnafjarðarhreppur	Búðaröxl	5.9.2002

Tafla 3. Yfirlit yfir rekstraraðila og staðsetningu aflagðra urðunarstaða og dagsetningu lokunarfyrirmæla.

Rekstraraðili urðunarstaðar	Heiti urðunarstaðar	Útgáfa fyrirmæla um frágang og vöktun
Akraneskaupstaður	Berjadalsá	13.11.2013
Akureyrarbær	Glerárdalur	19.6.2014
Árborg	Lækjarmót	20.10.2020
Blönduósbær	Draugagil	9.7.2014
Bæjarveitur Vestmannaeyja	Búastaðagryfja	26.3.2014
Dalabyggð	Búðardalur	11.6.2014
Fjarðabyggð	Heydalmelur	20.10.2020
Fjarðabyggð	Mjóifjörður	5.6.2020

¹ Urðun og starfsemi hætt og fyrirmæli um frágang og vöktun gefin út árið 2015 en starfsleyfi er enn í gildi og gildir til 2025.

Ísafjarðarbær	Klofningur	15.11.2012
Grundarfjarðarbær	Hrafnkelsstaðir	5.12.2012
Húnaþing vestra	Syðri Kárastaðir	29.4.2015
Langanesbyggð	Þórshöfn	23.4.2014
Sorpstöð Suðurlands	Kirkjuferjuháleiga ²	13.5.2015
Sorpurðun Vesturlands	Fíflholt eldra	12.7.2017
Sveitarfélagið Hornafjörður	Svínafell	10.4.2013
Sveitarfélagið Skagafjörður	Skarðsmóar	13.8.2014
Sveitarfélagið Skagaströnd	Neðri-Harrastaðir	19.6.2014
Vesturbyggð	Vatnseyrarhlíð	29.1.2015

3. *Hræ hvaða dýrategunda voru urðuð á hverjum stað, hversu mikið magn á hverjum stað og hver var ástæða urðunar, svo sem hvaða sjúkdómi voru dýrin haldin?*

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun hefur stofnunin ekki heildstæða skrá um magn, dýrategund eða ástæðu urðunar dýrahæja sem urðuð eru á hverjum stað að öðru leyti en því sem fram kemur í töflu 1 sem eru magntölur um urðun dýrahæja á urðunarstöðum.

Tafla 4 gefur yfirlit yfir þau skráðu leyfi sem Umhverfisstofnun hefur veitt vegna urðunar dýrahæja. Fram til nóvember 2018 var slíkt leyfi veitt á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, en þá var ákvæðið fellt úr reglugerðinni. Frá þeim tíma hefur leyfi verið veitt í samræmi við d- og e-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 674/2017.

Tafla 4. Yfirlit yfir skráð leyfi til urðunar dýrahæja.

Dags.	Sjúkdómur	Dýrategund	Urðunarstaður	Starfsleyfishafi
Nóvember 2020	riða	sauðfé	Skarðsmóar	Sveitarfélagið Skagafjörður
September 2020	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Mars 2020	salmonella	alifuglar	Stekkjjarvík	Norðurá bs.
Janúar 2020	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Ágúst 2019	veirusmit	alifuglar	Skógasandur	Byggðasamlagið Hula
Ágúst 2019	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Apríl 2019	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Mars 2019	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Febrúar 2018	salmonella	alifuglar	Álfsnes	Sorpa bs.
Ágúst 2015	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Nóvember 2014	salmonella	alifuglar	Stekkjjarvík	Norðurá bs.
Ágúst 2014	salmonella	alifuglar	Stekkjjarvík	Norðurá bs.
Júní 2014	salmonella	alifuglar	Stekkjjarvík	Norðurá bs.
Apríl 2014	salmonella	alifuglar	Stekkjjarvík	Norðurá bs.
Febrúar 2014	salmonella	alifuglar	Stekkjjarvík	Norðurá bs.
Nóvember 2013	salmonella	alifuglar	Stekkjjarvík	Norðurá bs.
Apríl 2012	salmonella	alifuglar	Álfsnes	Norðurá bs.
Ágúst 2010	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Júlí 2010	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Júlí 2010	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands
Apríl 2010	salmonella	alifuglar	Fíflholt	Sorpurðun Vesturlands

² Urðun og starfsemi hætt og fyrimæli um frágang og vöktun gefin út árið 2015 en starfsleyfi er enn í gildi og gildir til 2025.

Mars 2010	salmonella	alifuglar	Álfsnes	Sorpa bs.
Janúar 2010	salmonella	alifuglar	Álfsnes	Sorpa bs.

Almennt er um að ræða leyfi til urðunar á dýrahæjum alifugla fyrir utan leyfi sem veitt var nú í nóvember 2020 um urðun á dýrahæjum sauðfjár, en ekki reyndist unnt að brenna öll dýrahæin á brennslustöð.